

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1859
komudagur 25.3.2008

Reykjavík, 19. mars 2008


Félag íslenskra fræða
Stigahlíð 4, Reykjavík

**Umsögn um 221. mál, þingsályktun um
prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson**

Félag íslenskra fræða lýsir yfir ánægju með þann aukna stuðning við rannsóknir og kennslu í íslensku við Háskóla Íslands sem í þingsályktunartillögunni felst.

Ályktunin er stutt og hægt að taka undir efni hennar í meginatriðum. Félagið vill þó benda á mikilvægi þess að fjárveiting til þessa embættis sé tryggð og vel afmörkuð þannig að viðbótarfjárveitingin renni örugglega til greinarinnar íslensku en ekki til annarra verkefna við Háskóla Íslands. Þetta er sagt í ljósi reynslunnar.

F.h. Félags íslenskra fræða,



Þórður Ingi Guðjónsson, formaður